

Nd.

590. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berkla-
veiki.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Framan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

1. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsu-
hæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er
svo efnnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag
sínnum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði,
er af slíkri vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknis-
hjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkra-
húsum, sem samið hefir verið um að veita slíkum sjúklingum viðtöku.

b. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

5. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Stjórnarráðið skal semja fyrirfram til hálfis eða heils árs í senn við
þau sjúkrahús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga,
um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú
hefir styrkhæfur berklasjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundar-
sakir á sjúkrahúsi, sem ekki hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess
að ekki hefir náðst til annars sjúkrahúss, og er þá stjórnarráðinu heimilt
að greiða fyrir hann í samræmi við samninga um dvalarkostnað á tilsva-
randi sjúkrahúsi.